

Þjónustusamningur

Um sértæka búsetuþjónustu

3. desember 2018

Þjónustusamning

1. Gildissvið.

- 1.1. Samningur þessi tekur til sértækrar búsetuþjónustu í íbúðakjarna að Stuðlaskarði X og þjónustu fyrir þá einstaklinga sem þar búa með þjónustumati sem í gildi er á hverjum tíma.
- 1.2. Samningnum er ætlað að vera rammi um það verkefni og er hér eftir vísað til hans sem samstarfssamnings. Sameiginlega er vísað til sveitarfélags og verksala sem samningsaðila.
- 1.3. Samningurinn kveður einnig á um skipan ábyrgðar milli samningsaðila og hvaða stjórnunarlegu forsendur þurfa að vera til staðar svo framkvæmd samningsins geti orðið með farsælum hætti.
- 1.1. Rekstrarfélag Vinabæjar er hlutafélag. Tilgangur félagsins er að sjá um þjónustu fyrir íbúa Vinabæjar. Félagið er rekið samkvæmt lögum nr. 38/2018 og reglugerðum sem ná yfir málefni fatlaðs fólks svo sem reglugerð nr. 370/2016 um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk og nr. 1054/2010 um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu. Ekki er markmið félagsins að skila hagnaði heldur er það rekið ágóðarlaust. Sjá nánar fylgiskjal 1, lög félagsins, með samningi þessum. [Starfssemin er starfsleyfisskyld sbr. reglugerð nr. 1033/2018.](#)
- 1.2. Verkkaupi kaupir þjónustu af verksala til reksturs sértækrar búsetuþjónustu fyrir tiltekinn hóp fatlaðra einstaklinga, sjá nánar 4. gr. og í [fylgiskjali 4 um](#) kröfulýsingu.

2. Markmið samningsins.

Markmið samningsins er að veita þeim fötluðu einstaklingum sem samningurinn nær til bestu mögulega þjónustu í sértækri búsetu sem tók eru á að veita á hverjum tíma, og að nýta vel það fé sem verkkaupi greiðir. Sjá frekari upplýsingar um markmið, hlutverk og ábyrgð í [fylgiskjali 4 um](#) kröfulýsingu.

3. Ábyrgð verksala/verkkaupa

- 3.1. Verksali ber ábyrgð á framkvæmd verkefnisins.
- 3.2. Samningsaðilar skulu fylgja lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem eru í gildi hverju sinni.

4. Veitt þjónusta verksala.

- 4.1. Verksali starfar við að þjónusta fatlað fólk. Sú þjónusta er veitt samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Lög nr. 38/2018.
- 4.2. Með samningi þessum er kveðið á um fjölda einstaklinga í ákveðinni þjónustuþyngd sem verksali tekur að sér þjónustu við samkvæmt fylgiskjali 2 eftir því sem þeir einstaklingar sem samningurinn nær til flytja í nýjar íbúðir að Stuðlaskarði.
- 4.3. Verksali stundar innra eftirlit m.a. í þeim tilgangi að unnt sé að sannreyna gæði þjónustunnar. Verkkaupi tekur út starfsemina eftir aðstæðum hverju sinni.
- 4.4. Verksali skal allan samningstímann uppfylla kröfur sem koma fram í framangreindum lögum, reglugerðum og samningi þessum nema óviðráðanleg ytri atvik hamli. Verksali skal tilkynna verkkaupa tafarlaust um ofangreind atvik.
- 4.5. Verði breytingar á þessum kröfum skal framkvæmd viðeigandi ákvæða samstarfssamningsins taka mið af því.

5. Starfsfólk

- 5.1. Verksali skal tryggja að aðstoðarfólk sem starfar á hans vegum þekki til og geti veitt aðstoð sem byggir á þeim grundvallarhugmyndum sem fram koma í hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf. Jafnframt skal aðstoðarfólk ávallt starfa í samræmi við gildandi lög, reglugerðir, leiðbeinandi reglur og reglur sem gilda á hverjum tíma um þjónustu við fatlað fólk.
- 5.2. Verksali ber ábyrgð á aðstoðarfólki, samstarfsaðilum og öðrum sem fengnir eru til að annast framkvæmd samningsins og ber ábyrgð á að þeir starfi í samræmi við ákvæði samstarfssamningsins.
- 5.3. Ef verksali gerir samning við þriðja aðila um að sinna ákveðnum þáttum þjónustunnar, skal kveðið skýrt á um réttindi hans og skyldur. Þrátt fyrir að sveitarfélag veiti heimild til samningsgerðar ber það ekki ábyrgð gagnvart þeim kröfum sem upp kunna að koma í tengslum við störf aðstoðarfólks, utanaðkomandi samstarfsaðila eða annarra sem koma að framkvæmd aðstoðarinnar.
- 5.4. Þjónusta þriðja aðila við framkvæmd samnings skal ekki hafa í för með sér kostnaðarauka vegna hans.
- 5.5. Verksali skal tryggja að allir starfsmenn, einnig starfsmenn þriðja aðila, njóti sambærilegra kjara eins og kveðið er á um í almennum kjarasamningum og gildir í sambærilegum störfum. Þetta ákvæði gildir fyrir þá sem koma með beinum hætti að þeim samningi sem er gerður.

- 5.6. Allir samningar sem verksali gerir í þágu notanda, skulu bera með sér samsvarandi kröfur og tilteknar eru í þessari grein.

6. Tryggingar, lífeyrir og skattamál

- 6.1. Verksala ber að hafa nauðsynlegar lögbundnar tryggingar fyrir starfsfólk sitt.
- 6.2. Ábyrgðartryggingin skal gilda í eitt ár eftir lok samnings.
- 6.3. Tryggingaskilmálar skulu hvorki innihalda ákvæði sem draga úr rétti sveitarfélags til að krefjast bóta beint frá tryggingafélaginu né ákvæði sem skert geta kröfur þess vegna aðstæðna hins tryggða eftir að tryggingasamningur hefur verið gerður.

7. Magn þjónustu.

- 7.1. Samningur þessi og greiðslur sem honum fylgja miðar einungis að því að koma til móts við þjónustubörf þeirra einstaklinga sem munu búa að Stuðlaskarði X.
- 7.2. Aðilum samningsins er óheimilt að bjóða öðrum íbúum þjónustu í búsetukjarnanum samkvæmt samningi þessum en þeim sem fá úthlutað samkvæmt niðurstöðum inntökuteymis aðila sem báðir hafa fulltrúa í.
- 7.3. Breytist þjónustubyngd og heilsufar þeirra sem fá þjónustu samkvæmt þessum samningi skulu samningsgreiðslur endurskoðaðar m.t.t. þess á samráðsfundi aðila. Verksala ber skylda til að tilkynna verkkaupa ef breyting verður á eins fljótt og auðið er.
- 7.4. Endurskoðun fjárhæða skal að lágmarki vera einu sinni á ári fyrir septemberlok og skal sú endurskoðun grundvallast á endurmati á þjónustumagni og því þjónustumati sem er í gangi á hverjum tíma.
- 7.5. Breytist forsendur og aðstæður í rekstri félagsins s.s. varðandi starfsmannahald, veikindi o.fl. skal farið í endurskoðun í ljósi nýrra forsendna.

8. Fjármögnun.

- 8.1. Til að standa undir þjónustu og kröfum sem samningur þessi lýsir greiðir verkkaupi kr. X..... á ársgrundvelli til að standa straum af þjónustutengdum greiðslum ásamt kostnaði við húsnæði samkvæmt opinberu mati. Miðað er við verðlag samkvæmt forsendum í [mánuð og ár] að teknu tilliti til verðbreytinga hvers árs. Af heildarframlagi verkkaupa samkvæmt samningnum skulu 90% teljast vegna launakostnaðar og 10% vegna annars kostnaðar.

Verkkaupi greiðir upphæð kr. fyrsta árið til að standa straum af byrjunarkostnaði í aðstöðu starfsmanna s.s. tölvur og húsbúnaður. Eftir það er greitt samkvæmt fylgiskjali 2 til að standa straum af þjónustutengdum greiðslum.

- 8.2. Starfsmenn eru starfsmenn verksala sem sér þar af leiðandi um öll samskipti við starfsmenn er lúta að starfi þeirra, sem og hefur ábyrgð og skyldur gagnvart þeim sem eðlilegt er og kveðið er á um í almennum kjarasamningum.

9. Greiðslutilhögun.

- 9.1. Verksali sendir verkkaupa í upphafi mánaðar reikning fyrir þann mánuð og skal eindagi vera 14 dögum frá gjalddaga. Greiði verkkaupi eftir eindaga skal hann greiða hæstu löglegu dráttarvexti frá þeim tíma til greiðsludags, enda verði greiðsludrátturinn rakinn til atvika sem verkkaupi ber ábyrgð á. Greiða skal inná reikning í eigu verksala.

10. Fjárreiður og fjárhagslegar ráðstafanir.

- 10.1. Verksala ber að færa bókhald á ábyrgan hátt og í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Löggiltur endurskoðandi skal endurskoða bókhaldið.
- 10.2. Jafnframt ber verksali ríka ábyrgð á að bókhald og fjárreiður íbúa séu í áreiðanlegu og tryggju horfi.
- 10.3. Verksali skal senda sveitarfélagi eitt eintak af ársreikningum fyrir 1. júlí ár hvert. Reikningum skal fylgja yfirlýsing endurskoðanda.
- 10.4. Verkkaupi ber enga ábyrgð á rekstrarniðurstöðu eða fjárhagslegu tapi verksala. Sveitarfélag eða endurskoðandi valinn af sveitarfélagi, hefur heimild til að skoða beint stjórnunar- og fjárhagsþætti hjá verksala. Verksali skal vera til aðstoðar við endurskoðunina, þar með talið að leggja fram allar nauðsynlegar upplýsingar í tengslum við skoðunina. Sé þess óskað má verksali hafa sinn eigin endurskoðanda viðstaddan skoðunina.

11. Eftirlit, upplýsingaskylda og samráð.

- 11.1. Verkkaupi hefur eftirlit með framkvæmd samnings þessa og áskilur sér rétt til að skoða aðstæður þar sem þjónusta er veitt og kalla eftir skýringum og upplýsingum sem hann telur þörf á hverju sinni. Verkkaupi getur falið utanaðkomandi aðila að kanna hvort verksali uppfylli skilyrði samningsins með sérstakri úttekt á þjónustu verksala.
- 11.2. Verksali skuldbindur sig til að upplýsa verkkaupa þegar í stað ef hann sér fram á að hann geti eigi uppfyllt fjárhagsleg eða fagleg ákvæði samningsins.
- 11.3. Verkkaupi og verksali skipa tvo tengla hvor til að sjá um fagleg- og fjárhagsleg samskipti og samráð vegna samnings þessa og hver þau atriði sem þarf á milli ársfunda.
- 11.4. Óheimilt er að framselja réttindi og skyldur á grundvelli samningsins nema með fyrirfram fengnu samþykki sveitarfélags.

- 11.5. Verksala er óheimilt að setja að veði eða veita annars konar tryggingar í þeim greiðslum sem verksali fær frá sveitarfélagi samkvæmt samstarfssamningi þessum og einstaklingssamningum sem útfærðir eru á grundvelli hans.
- 11.6. Samningsaðilar skulu gæta fyllsta trúnaðar gagnvart hagsmunum notenda og sín á milli við framkvæmd samningsins. Komi upp vafi um vilja aðila um framkvæmd samningsins ber að leita eftir upplýsingum þar að lútandi.
- 11.7. Samningsaðilar og starfsfólk þeirra eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem varðar einstaklingsbundna þætti við framkvæmd samningsins, og ekki má gera opinbert samkvæmt meginreglum um persónuvernd. Samningsaðilum ber að tryggja, með reglum, fyrirmælum eða ákvæðum í ráðningarsamningum, að allt starfsfólk og aðrir samstarfsaðilar við framkvæmd samningsins undirgangist þessa þagnarskyldu og að þagnarskylda haldist eftir að ráðningu eða samstarfi lýkur.
- 11.8. Sveitarfélag skal tilkynna verksala um atriði t.d. lagabreytingar, reglugerðarbreytingar eða breytingar á skipulagi og innihaldi þjónustunnar sem almennt má ætla að skipt geti máli varðandi framkvæmd samstarfssamningsins og taka þær ákvarðanir sem nauðsynlegar eru svo unnt sé að efna samninginn.

12. Vanefndir.

- 12.1. Sýni verkkaupi með óyggjandi hætti fram á, að verksali uppfylli ekki skyldur sínar samkvæmt samningnum í heild eða að hluta, getur hann birt verksala skriflega kröfugerð og krafist tafarlausra úrbóta og sett hæfilega tímafresti. Ber verksala þá tafarlaust að ráðast í úrbætur sem verkkaupi telur fullnægjandi. Sé það eigi gert er verkkaupa heimilt að skerða greiðslur skv. 6. gr. eða fresta þeim þar til úrbætur hafa sannanlega verið gerðar. Verksali á ekki rétt á dráttarvöxtum þótt greiðslum sé frestað samkvæmt þessari grein.
- 12.2. Ef verksali vanefnir samningsskyldur sínar getur verkkaupi rift samningnum. Það sama á við komi til þess að starfsleyfi verði afturkallað sbr. 11.gr. reglugerðar nr. 1033/2018. Samningi þessum verður þó eigi rift nema vanefnd sé veruleg enda hafi verkkaupi áður gert verksala viðvart skriflega og sett honum hæfilegan frest til úrbóta.
- 12.3. Hafi verkkaupi rift samningnum við verksala vegna vanefnda getur verkkaupi krafið verksala um bætur vegna þess kostnaðarauka er kann að leiða af uppsögninni. Um bætur vegna annars tjóns fer eftir almennum skaðabótareglum.
- 12.4. Ákvæði greina 10.1 – 10.3 gilda eftir því sem við á um vanefndir verkkaupa gagnvart verksala.
- 12.5. Komi vanefndir verksala í veg fyrir að unnt verði að veita viðunandi þjónustu tekur verkkaupi yfir þjónustuna.

13. Réttarfar.

- 13.1. Mál er rísa kunna vegna meintra brota á samningi þessum eða vegna ágreinings um túlkun hans skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjaness.

14. Gildistími, uppsagnar- og endurskoðunarákvæði.

- 14.1. Samningur þessi, sem gerður er til 15 ára, gildir frá xxxx til xxxx.
- 14.2. Samningurinn er uppsegjanlegur af beggja hálfu með a.m.k. 12 mánaða fyrirvara. Uppsögn skal vera skrifleg.
- 14.3. Telji samningsaðili að forsendur samningsins hafi breyst t.d. vegna lagabreytinga sem hafa áhrif á rekstur getur hann farið fram á viðræður um endurskoðun á einstaka ákvæðum samningsins á samningstímabilinu. Allar breytingar á ákvæðum samnings þessa skulu aðilar gera skriflega.
- 14.4. Samningsaðilar halda árlegan samráðsfund um málefni samnings sem boðaður skal fyrir 1. apríl ár hvert samkvæmt dagskrá í fylgiskjali 3 auk hugsanlegra viðbótar eftir þörfum og samkomulagi aðila. Til að annast málefni samnings tilnefna samningsaðilar hvor sinn fulltrúann.

15. Frumrit samnings, staðfesting og kynning.

- 15.1. Af samningi þessum skulu gerð tvö samhljóða eintök og telst hvert um sig fullgilt frumrit samningsins.
- 15.2. Eitt eintak skal vera í vörslu verkkaupa og eitt eintak í vörslu verksala.

Hafnarfirði, ? mánuður 201?

F.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar

F.h. Rekstrarfélags Vinabæjar

Fylgiskjal 1

Lög Rekstrarfélags Vinabæjar

1. gr.

Félagið heitir Rekstrarfélag Vinabæjar. Félagið er ekki rekið í hagnaðarskyni. Heimili og varnarþing er í Hafnarfirði.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að:

- a) Sjá um endurnýjun á þjónustusamning við Hafnafjarðarbæ ef nauðsyn ber til
- b) Reka og veita þjónustu til félaga. Unnið skal í öllu samkvæmt reglugerð nr. 1054/2010 um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu og lögum nr. 59/1992 með síðari breytingum

3. gr.

Félagar eru allir þeir íbúar í Vinabæ sem eiga rétt á félagslegri þjónustu vegna fötlun sinnar skv. lögum nr. 59/1992.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa 5 félagsmenn eða fulltrúar þeirra: formaður, gjaldkeri, ritari og tveir meðstjórnendur. Stjórnin er kosin á aðalfundi og skal skipta með sér verkum. Stjórn ber ábyrgð á rekstri félagsins. Stjórninni er heimilt að ráða framkvæmdastjóra og annað starfsfólk.

5. gr.

Reiknisár félagsins er almanaksárið. Ársreikningur skal sendur með fundarboði um aðalfund.

6. gr.

Aðalfundur er æðsta vald félagsins og skal hann haldinn eigi síðar en í lok apríl ár hvert. Ber formanni félagsins að boða til fundarins og skal til hans boða með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Atkvæðisrétt hafa allir félagsmenn.

Dagskrá fundar:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar
3. Reikningar félagsins lagðir fram
4. Lagabreytingar
5. Kosning stjórnar og skoðunarmanns
6. Önnur mál

7. gr.

Liggja skal fyrir samþykki skoðunarmanns og stjórnar á reikningum félagsins á aðalfundi.

8. gr.

Formaður félagsins boðar til stjórnarfunda. Stjórnarfundur er ályktunarfær ef a.m.k. þrír stjórnarmenn sækja fundinn. Gerðir stjórnar skulu bókfærðar og haldin fundargerð.

9. gr.

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi og þarf þá meirihluta greiddra atkvæða til breytinga. Tillögur um lagabreytingar skulu berast skriflega til félagsmanna eigi síðar en viku fyrir aðalfund.

10. gr.

Samþykki a.m.k 2/3 hluta greiddra atkvæða aðalfundar þarf til að félagið verði lagt niður. Taka skal sérstaklega fram í fundarboði ef tillaga um slíkt liggur fyrir aðalfundi.

Fylgiskjal 2

Þjónustumagn, tímaáætlun og fjármögnun

Við gerð þessa samnings árið 2018 hefur verið tekin frá lóð fyrir verksala að Stuðlaskarði xx. Áætlað er að það taki xx mánuði að byggja þjónustukjarnann.

Mat á stuðningsþörf íbúa liggur til grundvallar fjárframlögum vegna þjónustu við íbúa.

Meðal þjónustubýngd skv. SIS-mati		
Stöðugildi starfsmanna og stjórnanda	6,61 stg.	= kr.... á ári
Stöðugildi v. veikinda	0,26 stg.	= kr.... á ári
Stöðugildi v. orlofs	0,69 stg.	= kr.... á ári
33% álag – fj.tíma mv.dagatal 2018	3000 tímar	= kr.... á ári
55% álag – fj.tíma mv.dagatal 2018	6881 tímar	= kr.... á ári
Yfirvinna með kaffitímum mv.dagatal 2018	1472 tímar	= kr.... á ári
Stórhátíð – fj.tíma mv.dagatal 2018	384 tímar	= kr.... á ári
Kostnaður v. starfsmannarými		= kr.... á ári
Upphafskostnaður v. 1.árs		= kr....fyrsta árið

Allar tölur eru á verðlagi 2018 og uppreiknast samkvæmt ákvæðum samnings pr. ár eftir það. Í þeim tilfellum er rekstur hefst innan árs hlutfallast kostnaður sem því nemur.

Aðilar samnings koma sér saman um breytingar og nánari útfærslu þegar hún liggur fyrir.

Um áætlun er að ræða út frá þeim raunstærðum sem þekktar eru í dag.

Samkvæmt ofanrituðu er heildar fjárbinding verkkaupa vegna samnings við Vinabæ kr. að viðbættum kr. á fyrsta ári.

Fylgiskjal 3

Samráðsfundir

Verkkaupi og verksali skulu fyrir 1. apríl ár hvert boða til samráðsfunda þar sem farið er yfir málefni er varðar rekstur og þjónustu við þá sem samningurinn tekur tillit til. Til viðbótar munu samningsaðilar boða til fundar þegar kjarasamningar liggja fyrir. Eftirfarandi dagskrá skal liggja fyrir á hverjum fundi. Auk þess er báðum aðilum samnings heimilt að bæta við dagskrána sé það tilkynnt við fundarboðun. Báðir aðilar bera skyldur til boðunar.

I. Íbúar:

- Farið yfir stöðu á þjónustusamningum allra íbúa
- Farið yfir breytingar á þjónustunni, hafi aðstæður breyst, t.d. hvað varðar fjölda einstaklinga í þjónustu og framkvæmd sjúkrapjálfunar.
- Staða á þjónustu og stuðningi sem veittur er af verksala og öðrum og samhæfing úrræða. Hér er m.a. átt við liðveislu, heimahjúkrun, sjúkrapjálfun, dagþjónustu, akstur og annað, eftir því sem við á hverju sinni.

II. Verksali:

- Sundurliðuð rekstraráætlun fyrir heimilið á yfirstandandi ári ásamt rauntölum fyrir rekstur síðastliðins árs frá janúar til desember. Mat lagt á rekstrarútkomu á yfirstandandi ári.
- Viðhalds- eða breytingaáætlun vegna húss og aðstöðu eftir því sem ástæða er til og rúmast innan fjárhagsáætlunar og leigusamnings.
- Áætlun með vörðum um umbætur, sé ástæða til. Hér gæti verið m.a. um að ræða öryggismál, þjónustu, starfsmannamál eða hvað annað sem þarf að lagfæra að mati íbúa eða verkkaupa.
- Eru athugasemdir við þjónustu og framkvæmd, miðað við forsendur samningsins, og á grundvelli hvaða gagna eru athugasemdir gerðar.

III. Verkkaupi:

- Áætlun með vörðum um umbætur sé ástæða til.
- Hefur eftirliti verið sinnt með reglulegum hætti og með hvaða hætti? Hér gæti verið um að ræða heimsóknir, gæðamat, stöðumatsskýrslur o.fl. þess háttar.
- Eru fyrirhugaðar einhverjar þær breytingar, sem áhrif geta haft á þjónustu við íbúa eða forsendur samnings?
- Eru uppfyllt þau atriði sem snúa að fjárhagslegum skuldbindingum samnings?
- Hugsanleg önnur verkefni og/eða breyting á þeim sem fyrir eru.
- Gæðamat.
- Samstarf.

Önnur mál eftir því sem þarf. Einstök atriði geta skarast og þurfa að ræðast í samhengi við önnur.

Fylgiskjal 4

Kröfulýsing